

í hillu

2

RAFORKUMÁLASTJÓRI

ORKUSTOFNUM
MÁLASAEN

623

Lausleg raforkuneyzluþá fyrir Austurland

1956 - 1970

eftir

Gísli Jónsson

og

Jakob Björnsson

April 1956

Lausleg raforkuneyzluþá fyrir Austurland 1956 - 1970

Með "Austurland" er hér átt við Múlasýslurnar báðar, eða þá hluta þeirra, sem ætla má, að fái rafmagn frá samvitu í lok tímabilsins.

Um þessa spá verður að gera alla hina sömu fyrirvara og gerðir voru um tilsvarendi spár fyrir önnur landssvæði.

Mannfjöldi

Á línurit I er sýndur mannfjöldi á svæðinu frá 1935 og áætlaður mannfjöldi fram til 1970. Enda þótt sú fram-
lenging línuritanna yfir mannfjölda á árunum 1935-1955, sem þar er gerð, virðist eðlileg, er þó þess að gæta, að vel getur þróunin í þessum efnum orðið önnur í framtíðinni en hér er gert ráð fyrir. Fer það eftir atvinnulífi héraðsbúa og fleira. Yfirleitt má segja, að svo mikið "instabilitet" ríki um þessar mundir í byggð landsins, að spá um mannfjölda einstakra landshluta 15 ár fram í tímann hljóti að miklu leyti að verða út í loftið.

Skýrslur um raforkusölu eru heldur fátæklegar frá þessu svæði, nema frá Neskaupstað, og eitthvað hefur borizt af skýrslum frá Þáskrúðsfirði. Árin 1952, 1953, 1954 og 1955 var almenn notkun í Neskaupstað 940, 963, 974 og 1025 kWh/mann,ári. Íbúafjöldinn var 1328, 1315, 1327 og 1337. Í Neskaupstað er mikill fiskiðnaður og nota frystihúsin þar rafmagn á pressur sínar.

Kaupstaðir og kauptún

Notkunin í kauptúnum og kaupstöðum á Austurlandi var 3,17 GWh árið 1952, 3,46 GWh árið 1953 og 3,45 GWh árið 1954. Þetta samsvarar 610, 675 og 685 kWh/mann,ári, eða allmiklu lægra en í Neskaupstað.

Fyrir kauptúnin á Reykjaneskaga, Siglufjörð, Ólafsfjörð

og Húsavík, var reiknað með 2000 kWh/mann,ár árið 1970 í almenna notkun. Rétt myndi að reikna einnig með þessari notkun fyrir Neskaupstað, en tæplega fyrir öll Austfjarða-kaupúnin, sem heild, sökum þess, að fiskiðnaður er þar mun minni en á fyrrgreindum stöðum. Verður því hér reiknað með 1800 kWh/mann,ár fyrir kaupúnin í heild.

Íbúafjöldi kaupúna og kaupstaða er áætlaður 6000 árið 1970 og notkunin til almennra nota því alls 10,8 GWh/ári.

Húshitun er engin, eða svo til engin, á svæðinu nú, enda er raforkan víðast hvar unnin í dísilrafstöðvum. Varla verður um neina hitun að ræða fyrir en Grímsárvirkjun er tekin til starfa, sem vantanlega verður á árinu 1958. Hversu hún eykst í framtíðinni er ógerlegt að segja nokkuð um, en rétt þykir, til samræmis við aðra landshluta, að reikna með 3000 kWh/mann,ár í húshitun árið 1970 (efra mark) fyrir öll kaupúnin, enda mun ekkert þeirra eiga kost á jarðhita til upphitunar. Aukningin áætlast línuleg frá 1958, enda þótt vitað sé, að Grímsárvirkjun geti naumast látið raforku til húshitunar.

Alls verður hitunarnotkunin þá $6000 \times 3000 = 18$ GWh árið 1970.

Sveitir

Samkvæmt 10-ára áætluninni er gert ráð fyrir, að 201 býli hafi fengið rafmagn frá samveitu í lok áætlunarinnar. Í Múlasýslum voru 657 býli árið 1955, svo að hér er aðeins um 314 býla að ræða. Má því gera ráð fyrir, að árið 1970 verði nokkru fleiri býli komin í samband, ef til vill kringum 300, enda þótt ganga megi út frá því sem vísu, að fólki haldi áfram að fækka í sveitum í Múlasýslum, sbr. mannfjölda-spána, enda er sennilegt, að býli, sem ekki fá rafmagn, leggist smám saman í eyði. Hér verður því reiknað með 300 býlum og meðalnotkun pr. býli þeirri sömu og gert var á Suðvesturlandi og Norðurlandi, þ. e. 10500 kWh/býli,ár í almenna heimilisnotkun + búnotkun (súgurrkun meðt.) og

8400 kWh/býli, ár í húshitun. Heildarnotkun í sveitum
árið 1970 yrði þá:

Almenn notkun	3,2 GWh/ári
Húshitun	2,5 "

Árið 1954 var notkunin 27000 kWh á Suður-Múlaveitu.

Spáin er sýnd á línuriti II og ástluð aflþörf á línuriti III. Er þá miðað við 2500 h/ári nýtingartíma fyrir almenna notkun, en 4500 h/ári nýtingartíma fyrir almenna notkun + húshitun árið 1970.

Þess gerist varla þörf lengur að bæta við hinum bráðum klassiska endi, að spá þessi er afar óviss og niðurstöður hennar óreiðanlegar.

Reykjavík, 27. apríl, 1956


Girli Guðsson
Jalab Björnsson

Mannfjöldi á Austurlandi




<u>Ár</u>	<u>Kaupstaðir og kaupún</u>	<u>Sveitir</u>	<u>Samtals</u>
1935	4512	4780	9292
1936	4496	4679	9175
1937	4458	4653	9111
1938	4358	4690	9048
1939	4255	4724	8979
1940	4275	4701	8976
1941	4219	4754	8973
1942	4259	4583	8942
1943	4331	4646	8977
1944	4529	4340	8869
1945	4597	4071	8668
1946	4527	4087	8614
1947	4726	3943	8669
1948	4777	3846	8623
1949	4822	3833	8655
1950	4960	3747	8707
1951	5038	3692	8730
1952	5195	3632	8827
1953	5131	3633	8764
1954	5040	3650	8690
1955	5107	3563	8670

Línurit I.

Íbúar



Linurit II.



Línurit III.

